

Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera órask-
aður, þó svo, að sekt kærða fyrir ósæmileg-
an rithátt sje 5 kr. til sveitarsjóðs og 5 kr.
til landssjóðs. Svo ber hinum kærða og að
greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar
með talin málfutningslaun til sækjanda og
verjanda fyrir yfirdómi, cand. juris Hannes-
ar Thorsteinson og yfirjettarmálfærslumanns
Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Sektirnar greiðist innan 8 vikna frá lög-
birtingu dóms þessa og dóminum að öðru
leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 1/1895:

Björn Jónsson

gegn

Hannesi Þorsteinssyni

(Út af meiðyrðum í Þjóðólfi).

Dómur:

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, upp kveðn-
um 3. janúar þ. á., var hinn stefndi, ritsjóri blaðs-
ins »Þjóðólfur«, dæmdur fyrir meiðyrði um áfrýj-
andann, ritstjóra blaðsins »Ísafold«, í grein í Þjóð-
ólfi 34. blaði 46. árgangs, er út kom 20. júlí f. á.,
með yfirskriptinni »Naglaleg sjálfhælni«, í 50 kr.
sekt í landssjóð eða 15 daga einfalt fangelsi, ef

sektin eigi yrði greidd í tækan tíma. Hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða áfrýjanda í málskostnað 20 krónur. Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. jan. þ. á., og hefur hann krafizt þess, að dómurinn verði hertur þannig, að refsing stefnda verði að minnsta kosti 100 kr. sekt eða 30 daga einfalt fangelsi, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum hjá stefnda skaðlaust eptir reikningi. Stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgef-inni 21. febr. þ. á., hefur aptur krafizt algjörðrar sýknunar af kröfum og kærum áfrýjanda og að sjer verði dæmdur málskostnaður skaðlaust fyrir báðum dómum hjá áfrýjandanum.

Hin umstefnda grein í Þjóðólfi var rituð út af því, að áfrýjandinn, sem hafði verið forseti Reykjavíkurdeildar Bókmenntafjelagsins næst undanfarin 10 ár, var eigi endurkosinn forseti á fundi deildarinnar í fyrra sumar, og er það í greininni sagt á lit sumra manna, og auðskiljanlega þar með einkum ritstjórans sjálfs (stefnda), um forstöðu deildarinnar af hendi áfrýjanda meðan hann var forseti hennar, að aldrei hafi ljelegri persóna veitt fjelaginu forstöðu en áfrýjandi, að hann hafi gjör-samlega sett fjelagið á höfuðið, að því hafi hnignað svo undir stjórn hans, að það eigi traudla viðreisnarvon og að hann hafi viljað hanga sem lengst í tigninni, til þess að geta samið sem lengst við sjálfan sig einan um prentun á bókum fjelagsins. Þá er enn fremur á öðrum stað í greininni

sagt um áfrýjandann, að hann hafi reynt að breiða sjálfhælnisdulu yfir sannleikann. Af ummælum þessum er það ærumeiðing, að aldrei hafi ljelegri persóna veitt Bókmenntafjelaginu forstöðu en áfrýjandi, og sama er að segja um þau orð, að áfrýjandi hafi viljað hanga sem lengst í tigninni til þess o. s. frv., því að þar með er gefið í skyn, eins og stefndi einnig kannast við í málsfærslu sinni, að áfrýjandi hafi viljað nota forsetastöðu sína í fjelaginu til þess að útvega sjer sem prentsmiðjueiganda meiri borgun fyrir prentun á bókum fjelagsins en fengizt hefði, ef annar hefði gætt hagsmuna fjelagsins. Aptur á móti er það ekki ærumeiðandi, þótt sagt sje, að áfrýjandi hafi sett fjelagið gjörsamlega á höfuðið, eða að því hafi hnignað svo undir stjórn hans, að það eigi traudla viðreisnarvon, því með þessu er eigi sagt annað, en að stjórn áfrýjanda á fjelaginu hafi eigi verið því holl eða happasæl, einkum í fjárhagslegu tilliti. Þá er það loks meiðandi, að áfrýjandi hafi reynt að breiða sjálfshælnisdulu yfir sannleikann. Stefndi hefur eigi getað rjettlætt það að hafa haft framantalin meiðandi ummæli um áfrýjandann, og ber því að dæma þau dauð og ómerk og sekta stefnda fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, eins og undirdómarinn hefur gjört, og getur það eigi komið til greina til lækkunar sekt stefnda samkvæmt 221. gr. almennra hegningarlaga, eins og stefndi hefur krafizt, að áfrýjandi í grein í blaði sínu »Ísafold« 14. júlí f. á., er stefndi tjáir að hafi

gefið að nokkru tilefni til hinnar umstefndu Þjóð-
ólfsgreinar, hefur kallað blað stefnda »ræfilsgrey«
og »garm«. — Hegning stefnda þykir hæfilega á-
kveðin af undirdómaranum 50 kr. sekt til lands-
sjóðs eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Máls-
kostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkist,
en málskostnaður fyrir yfirdómi þykir mega falla
niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Hannes ritstjóri Þorsteinsson greiði
50 króna sekt í landssjóð eða sæti 15 daga
einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tæka
tíð. Framan talin meiðandi ummæli um á-
frýjandann Björn ritstjóra Jónsson eiga að
vera dauð og ómerk. Í málskostnað fyrir
undirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur,
en málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8
vikna frá lögbirting hans, sæti ella aðför að
lögum.

Nr. 2/1895:

Björn Jónsson

gegn

Hannesi Þorsteinssyni

(Út af meiðyrðum í Ísafold).

Dómur:

Ritstjóri »Þjóðólfs« Hannes Þorsteinsson höfð-
aði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur